

*að vinna að drögum um siðareglur og leggja fyrir næsta fund.*

### **3. Ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal.**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á takmörkun á umferð hrossa á milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. Í bréfinu segir:

„Reiðleiðin milli Ljósstaða og Brettingsstaða er falleg leið. Hundruð og jafnvel þúsund hross fara leiðina á hverju ári. Ástand reiðleiðarinnar er hinsvegar þannig að það er ósættanlegt vegna gróðurskemmda af völdum hrossa. Landeigendur hafa óskað eftir því að leiðinni verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa“

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, getur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að takmarka umferð hrossa um svæðið.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um eftirfarandi takmörkun á umferð:

Óheimilt verður að fara með lausa hesta um svæðið.

Ekki verður heimilt að fara með meira en tvo hesta til reiðar um svæðið.

Þá er gert ráð fyrir að svæðið verði tekið út á hverju ári og ákvörðun um frekari opnun eða lokun tekin út frá ástandi svæðisins. Umhverfisstofnun mun þá kynna ákvörðunina sérstaklega til allra hestamannafélaga landsins sem og ferðaþjónustuaðila sem eru með hestaferðir.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar.*

#### **Til kynningar:**

- a. Sorpsamlag Þingeyinga – Mat á leiðum og kostum við sorphirðu, skýrsla unnin af EFLU verkfræðistofu í desember 2013:
- b. Fundargerð Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 19.12.2013:
- c. Fundargerð 15. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d. Fundargerð 19. fundar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf.
- e. Fundargerð 811. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- f. Fundargerð 158. fundar stjórnar HNE:
- g. Fundargerðir 40., 42., 43. og 44. fundar stjórnar DA:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:00

## Geðorð vikunnar.

### **Að læra af mistökum**

Allir gera mistök. Þess vegna skiptir svo miklu máli hvernig menn bregðast við. Að læra af mistökum (sínnum eigin og annara) er einhver mikilvægasti hæfileiki, sem menn geta tileinkað sér. Sá sem lærir af mistökum, breytir þeim í mikilvæga lífsreynslu, sem kemur í veg fyrir að hann geri sömu mistökin aftur. Hann verður þannig vitrari og sterkari einstaklingur eftir en áður. Það eru til aðrar aðferðir við að takast á við mistök. Ein er að neita að hafa gert þau (afneitun). Þessi aðferð ber yfirleitt vott um lítilmennsku. Það þarf hugrekki og styrk til að horfast í augu við eigin mistök og viðurkenna þau. Önnur aðferð er að skammast sín svo mikið að maður leggist í eynd og volæði. Mistök geta auðvitað verið afar hörmuleg. – En hverju er nokkur bættari með volæði? Er ekki meira *vit í*/(um vert) að læra af því sem aflaga fór, bæta það sem hægt er að bæta og biðjast afsökunar ef við á? Skömmusta getur verið gagnleg, en hóf skyldi vera í öllu. Allir gera mistök.

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.

## Vilt þú syngja í kór ?

Stofnaður hefur verið nýr kór fyrir fólk hér í Þingeyjarsýslu og munu æfingar hefjast þriðjudagskvöldið 28.janúar n.k Kórinn verður blandaður og er áherslan á popp og dægurlög innlend og erlend.

Stjórnandi verður Guðni Bragason áhugasamir sendi línu á netfangið [gudnibraga@gmail.com](mailto:gudnibraga@gmail.com) eða [erla.bjarnadottir@eimskip.is](mailto:erla.bjarnadottir@eimskip.is)

reynsla af söng í kór eða einsöng æskileg.

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum*  
og því rennur skilafrestur auglýsinga út á

**Þriðjudögum kl. 15:00.** 😊



## FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar  
138. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 16. janúar kl. 13:00

### Dagskrá:

- 1.Fundarsetning:
- 2.Siðareglur kjörinna fulltrúa í Pingeyjarsveit:

### Til kynningar:

- a.Sorpsamlag Pingeyinga – Mat á leiðum og kostum við sorphirðu:
- b.Fundargerð Sorpsamlags Pingeyinga ehf. frá 19.12.2013:
- c.Fundargerð 15. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d.Fundargerð 19. fundar Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar ehf.
- e.Fundargerð 811. fundar stjórna Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- f.Fundargerð 158. fundar stjórnar HNE:
- g.Fundargerðir 40., 42., 43. og 44. fundar stjórnar DA:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið; Ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal.

*Samþykkt samhljóða.*

### 2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Pingeyjarsveit:

Samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2012 skal sveitarstjórn setja sér siðareglur og senda innanríkisráðuneytinu til staðfestingar. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

*Ólínu Arnkelsdóttur og Árna Pétri Hilmarssyni auk sveitarstjóra falið*



## Kyrrðar og bænastund í Nesi

Kyrrðar og bænastund verður í Nesi í kvöld,  
fimmtudaginn 23. janúar, klukkan 20:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



## Kyrrðar og bænastund á Einarstöðum

Kyrrðar og bænastund verður á Einarstöðum  
fimmtudaginn, 30. janúar, klukkan 20:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.

## Handverkskonur - Skógahópur

Verið velkomnar í Brúnagerði næstkomandi  
föstudagskvöld, 24. janúar klukkan 20:30.

Hópstýra

## ZUMBA<sup>®</sup> í Íþróttahúsinu á Laugum

Tímarnir verða á þriðjudögum kl. 17.00 - 18.00.  
Fyrsti tími verður 28. janúar.

Stakur tími kostar 1.500 kr.  
10 skipta klippikort kostar 10.000 kr.

Komdu og vertu með!  
Öðruvísi líkamsrækt, dans og gleði :)

Arna Benný Harðardóttir  
Íþróttá- og heilsufræðingur  
Zumba kennari

Nánari upplýsingar í síma 777-2860



**ZUMBA<sup>®</sup>**  
fitness



## Porrablót Fnjóskdæla

verður haldið í Stórutjarnaskóla  
laugardagskvöldið 1. febrúar 2014.

Diskar og glös verða á borðum en ekki hnífapör.

Húsið verður opnað kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:30.

**Hljómsveitin Einn og sjöttú leikur fyrir dansi.**

Sjoppan verður opin.

**Miðaverð 2.500 kr. Aldurstakmark 16 ár.**

*Þátttaka tilkynnist fyrir klukkan 19:00  
fimmtudagskvöldið 30. janúar.*



|            |            |
|------------|------------|
| Agnes      | s: 4622320 |
| Svanhildur | s: 4626914 |
| Gulla      | s: 4622002 |
| Teitur     | s: 8643080 |
| Rúnar      | s: 4626797 |
| Ingvar     | s: 4626893 |



**Ath: ekki posi á staðnum**

Sætaferðir frá umferðarmiðstöðinni á Akureyri  
kl 19:30 ef næg þátttaka næst.

3.tbl.  
23. janúar  
2014  
21. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Porrablót Aðaldæla 2014



Verður haldið að Ýdölum laugardaginn 1. febrúar.  
Blótið hefst kl. 20:30, húsið opnar kl. 19:30

Aðgangseyrir er kr. 2.500,- kr. fyrir manninn.

**Miðapantanir** þurfa að berast fyrir kl. 19:00  
miðvikudagskvöldið 29. janúar:

Brúnahlíð sími 4643515 8930064  
Brekukot sími 4643700 8943700  
Jarlsstaðir sími 4643571 8474488

**Forsala aðgöngumiða**

Verður milli kl. 15:00 og 17:00 á þorrablótsdaginn.  
Á sama tíma er hægt að koma með trogin.  
Dúkar verða á borðum, servíettur og glös.  
Í boði nefndarinnar verður kaffi á könnunni eftir  
matinn.

Hægt verður að kaupa gosdrykki á staðnum.

Nefndin